



Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Laufskálar 2
850 HELLA

Garðabær, 28.5.2025
Málsnúmer: 202505-0033
IAS

Efni: Gaddstaðaei við Helli

Vísað er til erindis frá Rangárþingi ytra, dagsett 19. maí 2025, þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu fyrir tillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna breytingar á landnotkun í Gaddstaðaei – nýtt verslunar og þjónustusvæði.

„Landeigandi hyggst þróa ferðaþjónustu á eyjunni með því að byggja hótél með allt að 160 herbergjum og baðlóni. Ásamt hóteli er fyrirhugað að vera með 40 lítil gestahús til útleigu. Gestahúsin munu tengjast rekstri hótelsins. Hótelið og starfsemin öll kemur til með að njóta sérstöðu í ferðamannaiðnaðinum á Íslandi vegna staðsetningar í/við laxveiðiá. Stefnt er að því að hótelið verði í samræmi við umhverfi, landslag og sögulegar skírskotanir. Boðið verður upp á gístiaðstöðu í hæsta gæðaflokki.“

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um fyrri skipulagslýsingu fyrir sama mál þann 20. desember 2023 og ítrekar hér fyrri athugasemdir.

Ljóst er að um stórfellda breytingu á umhverfi eyjunnar væri að ræða. Gaddstaðaei er í dag algróin og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er blómgresisvist ríkjandi. Á loftmynd sést að töluvert er um víðigróður á eyinni og ekki er hægt að útiloka eitthvað votlendi. Þörf er á ítarlegri athugun á gróðurfari eyjunnar.

Eyjar í lífauðugum, frjósömum ám eins og Ytri-Rangá eru gjarnan mikilvæg varpsvæði fugla enda griðastaðir þar sem fuglar geta verið í friði frá umferð og athöfnum mannfólks sem og rándýrum líkt og refum og köttum. Þekkt er þétt gæsavarp í öðrum eyjum í Ytri-Rangá og ekki er ólíklegt að það sama eigi við um Gaddstaðaei enda með stærri eyjum í ánni en það þyrfti að staðfesta með athugunum. Í eyjunni má einnig reikna með töluverðum þéttleika vaðfugla í varpi sem og máfategundum. Eyjan gæti því reynst mikilvægt varpsvæði fyrir ýmsar fuglategundir og með því að taka hana undir byggð væri þeim varpsvæðum raskað.

Náttúrufræðistofnun telur nauðsynlegt að gera úttekt á fuglalífi Gaddstaðaejjar áður en ákvörðun er tekin um breytt skipulag hennar. Góð, örugg varpsvæði eins og grónar eyjar eru takmörkuð auðlind og geta skipt máli fyrir dreifða stofna ýmissa fuglategunda á Suðurlandsundirlendinu sem er í heild sinni skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.

Lagt er til að ákvörðun um skipulagsbreytingu sé frestað þar til hægt verður að leggja mat á verndargildi eyjunnar í ljósi betri upplýsinga um fuglalíf og gróðurfar.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson

jarðfræðingur